

Ákvörðun nr. 8/2022
Föstudagur, 1. apríl 2022

Kaup Rubix Íslandi ehf. á öllum hlutum í Verkfærasölunni ehf.

1. Þann 8. mars 2022 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Rubix Íslandi ehf. (hér eftir „Rubix Ísland“) á öllum hlutum í Verkfærasölunni ehf. (hér eftir „Verkfærasalan“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 9. mars 2022. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið einkum til upplýsinga í samrunaskrá og fyrri ákvarðana eftirlitsins.

2. Líkt og fram kemur í samrunaskrá er starfsemi samrunaaðila eftirfarandi:

a) Rubix Íslandi er umsvifamikið í dreifingu og sölu á iðnaðarvarahlutum, s.s. vörum fyrir aflflutning og flæðistýringu (vélrænar aflflutningsvörur, vökvakerfi, flæðistýring o.þ.h.) og völdum vörum fyrir almennt viðhald eins og rekstrarvörum, festingarvörum, persónulegum vörum, varnarbúnaði og ýmsum minni búnaði. Rubix er þó ekki umsvifamikið í sölu og dreifingu á verkfærum.

Rubix Íslandi er, með óbeinum hætti, undir yfirráðum Advent International Corporation (USA) sem er alþjóðlegt eignarhlutafélag með höfuðstöðvar í Boston. Advent International er fjárfestir og á eignarhluti í félögum í ýmsum geirum atvinnulífsins, þ.á m. viðskipta- og fjármálaþjónustu, iðnaðarvörum og þjónustu, verslunarrekstri o.fl. Enginn hluthafi Advent International fer með yfirráð yfir félaginu, hvorki einn eða í samstarfi með öðrum.

Eini hluthafi Rubix Íslandi er Brammer UK Limited og er Rubix Íslandi hluti af Rubix Group. Rubix Group sér um dreifingu og sölu á MRO vörum (e. *Maintenance, repair and operations*), þ.m.t. iðnaðarvarahlutum. Rubix Group starfar eða er með starfsemi í 22 löndum í Evrópu.

b) Verkfærasalan starfar við innflutning og sölu á vélum og verkfærum fyrir iðnað, aðallega verkfæri (hand-, rafmagns- og mælitæki) auk nokkurra almennra viðaldsvara (skurðarverkfæri, slípiefni og búnað fyrir suðu og lóðun, festingarvörur, persónuhlífar og minni almennan búnað). Verkfærasalan er í eigu eins aðila, Þorláks Marteinsonar.

3. Í samrunaskrá vísa samrunaaðilar til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins um skilgreiningu markaða, sbr. ákvörðun nr. 4/2021, *Samruni Johan Rönnung hf. og Varma og vélaverks ehf.*, ákvörðun nr. 2/2017, *Samruni Johan Rönnung hf. og Efnissölu G.E. Jóhannssonar ehf.* og nr. 11/2015, *Brot Byko ehf. á 10. gr. samkeppnislaga*. Í þeim ákvörðunum hafi Samkeppniseftirlitið fjallað um MRO markaðinn en aðeins í síðustu ákvörðun hafi Samkeppniseftirlitið tekið af skarið hvað varði markaðsskilgreiningu. Í hinum ákvörðunum hafi ekki verið talið nauðsynlegt að skilgreina markaðinn í smáatriðum þó svo að Johan Rönnung (nú Fagkaup ehf.) gæti hafa verið í markaðsráðandi stöðu. Samrunaaðilar telji viðtæka nálgun eins og þá sem miðaði var við í ákvörðun nr. 11/2015 henti vel hvað varði samruna þann sem hér sé til skoðunar þar sem iðnaðarviðskiptavinir kjósi alla jafna MRO birgja með breitt vöruúrval. Þá myndi þröng markaðsskilgreining leiða til þess að starfsemi aðila skarist varla og áætlaðar markaðshlutdeildir breytast ekki mikið. Að mati samrunaaðila er viðkomandi vörumarkaður



skilgreindur sem framboð á MRO vörum, sem samanstendur af tveimur almennum flokkum, iðnaðarvarahlutum og almennu viðhaldi. Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður málsins Ísland.

4. Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem gefur tilefni til að skilgreina markað málsins með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið og gert hefur verið í fyrri ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins. Að virtum fyrirliggjandi upplýsingum í samrunaskrá er það því mat Samkeppniseftirlitsins að hafa megi hliðsjón af markaðsskilgreiningu samrunaaðila við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans.
5. Að mati samrunaaðila mun fyrirhugaður samruni ekki leiða til verulegrar hindrunar á virki samkeppni. Markaðshlutdeild aðila á viðkomandi vörumarkaði fyrir framboð á MRO vörum á Íslandi sé lítil og aðilar verði fyrir miklum samkeppnisþrýstingi frá keppinautum sínum. Þá sé auðvelt að komast inn á MRO markaðinn þar sem framleiðendur selji öllum áhugasömum aðilum og óþarfi sé að fjárfesta í dýrum búnaði til að hefja starfsemi á markaðnum. Á markaði málsins sé töluvert af litlum fyrirtækjum og nýjum aðilum.
6. Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila á markaði málsins, eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti. Telur Samkeppniseftirlitið því ekki forsendur til að aðhafast frekar í málinu.

Ákvörðunarorð:

„Kaup Rubix Íslandi ehf. á öllum hlutum í Verkfærasölnni ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar í máli þessu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson